

Ný deiliskipulagstillaga mkv 1 : 2000.



Núgildandi deiliskipulag var samþykkt þann 01.06.2004 og öðlaðist gildi þann 28.09.2004



AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR FYRIR SVÆÐIÐ

Deiliskipulagsuppdráttur þessi fellur úr gildi ,og kemur í staðinn fyrir deiliskipulagsuppdrátt dags 01.06.2004 sem öðlaðist gildi þann 28.09.2004

## SKÝRINGAR

- BYGGINGARREITIR
- NÚV.BYGGINGAR
- HRAUNGARÐUR
- ÓHREYFT HRAUN
- ÆFINGARSVÆÐI
- AÐALLEIKVANGUR
- SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGULEIÐIR
- BIFREIÐASTÆÐI OG VEGIR
- FORNLEIFAR
- BYGGINGARREITUR BRÁÐABIRGÐASTÚKU

N

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR

ÞANN: 19.01.2010

[signature]

FH SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS HAFNARFJARÐAR

HAFNARFJARÐARBÆR — SVIÐSSTJÓRI SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS

DEILISKIPULAGS BREYTING ÞESSI, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 26. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR

ÞANN: 27.01.2010

f.h. bæjarstjóra, Anna Jörgensdóttir

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

LÖGMAÐUR HAFNARFJARÐARBÆJAR

SKIPULAGSSTOFNUN HEFUR FENGIÐ ÞESSI GÖGN TIL YFIRFERÐAR Í SAMRÆMI VIÐ LÖG NR. 73/1997

FSTEIGNAFÉLAG HAFNARFJARÐAR

## GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGSUPPDRÆTTI.

Hér er lagt fram breytt skipulag Ásvalla, Íþrótta og Útivistarsvæðis Hauka, Ásvöllum 1, Hafnarfirði. Helstu breytingar felast í eftirfarandi.:

1. Íþróttamiðstöðin er stækkuð, bætt er íþróttasal austan við núverandi sal, gerð er tengibygging að yfirbyggðri stúku að núverandi gervigrasvelli. Mænishæð nýbygginga 11.7 metrar yfir gk, nema stúkubygging 16.7 metrar yfir gk. Byggingareitur að grunnfleti 12.260 m2. 2. Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll er flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann. Húsið er fellt niður í landið til að milda áhrif þess. Gólfkóti húss 21.00 metrar, mænishæð yfir miðju vallar 23 metrar en 12 metrar yfir hliðum. Byggingareitur að grunnfleti 13.300 m2. Gerður er byggingareitur fyrir íþróttatengda þjónustu rétt við aðalaðkomu inná svæðið. Gólfkóti húss 23.30 metrar. Mænishæð 7.9 metrar. Byggingareitur að grunnfleti 1330 m2. Gert er ráð fyrir að hægt sé að tengja núv. íþróttamiðstöð við knatthús, og byggingu fyrir íþróttatengda starfsemi með tengibyggingum ofan eða neðanjarðar, grunnflötur þessara tengiganga 350 m2. Tengigangar eru innan skilgreinds byggingarreits. 3. Landnotkun er breytt rétt við hringtorg, þar sem núverandi búningshús er staðsett. Gert er ráð fyrir reit fyrir þjónustu, m.a.sjálfsafgreiðslubensinstöð og útkeyrslu frá henni út á Ásbraut. Gert er ráð fyrir möguleika á að núv.búningshús verði fjarlægt, eða því breytt í samræmi við nýja notkun síðar, hámarksheildarstærð 400 m2, mænishæð 4 metrar. 4. Bætt er inn byggingareit fyrir pulsuvagn, við innkeyrslu á austurhluta svæðis, 88 m2, mænishæð 3 metrar. Núgildandi skipulag gerði ráð fyrir 24 m2 söluskála. 5. Stúka sem áður var sýnd sunnan við núverandi gervigrasvöll, verður stölluð grasbrekka. 6. Sýndur er byggingareitur fyrir bráðabirgðastúku, austan við núverandi gervigrasvöll. Hæð bráðabirgðastúku 5 metrar. Annað er óbreytt. Æfingavellir eru áfram fyrirhugaðir á suðurhluta svæðis og þar er áfram byggingareitur fyrir aðstöðuhús. Byggingarreitur aðstöðuhúss þar er 266 m2, mænishæð 3 metrar. Á æfingasvæðinu er gert ráð fyrir hækkun jarðvegs um 1 meter, auk þess að hækka þarf hæðir í jaðri Grísanes til þess að ná samfelldri æfingaflöt. Meðfram vesturmörkum er hraunjaðar sem haldið er óskertum. Bifreiðastæði á uppdrætti eru 156 en gert er ráð fyrir samnýtingu á stæðum á athafnasvæði norðvestan við Ásvelli 1. Fornleifaskráning fór fram á svæðinu 1996 þegar að samkeppni var um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Fjárbyrgi, hleðsla 18x7x11 metrar er um 300 metra frá Ástjörn innan lóðar Ásvalla. Fjárbyrgi um 11x11 metrar er framarlega í Grísanesinu. Vísað er til 10 greinar þjóðminjalaga( nr.107/2001) Staðsetning er sýnd á uppdrætti. Heildarstærð svæðis 15.2ha

# TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI ÁSVALLA, ÁSVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI

| | |
|---|---|
| VERK | ÁSVELLIR HAFNARFIRÐI |
| VERKHLUTI | BREYTING Á DEILISKIPULAGI |
| LÝSING | GRUNNMYND |

| | |
|---|---|
| MKV. | 1:5000/ 1:2000 |
| DAGS. | 24.04.2009 |
| HANNAÐ | PJ |
| TEIKNAÐ | PJ/HP/MS |


LANDARK
PÉTUR JÓNSSON LANDSLAGSARKITEKT
TEIKNISTOFA STÓRHÖFÐA 17
SÍMI 567-7737 FAX 567-7736


VNO. 98-107asv

TNR. 01